

Fjölbrautaskólinn við Ármúla



Kennslu- og áfangamat á vorönn 2024

Inngangur

Kennslu- og áfangamat (kennslumat) var lagt fyrir 11. apríl og lokað síðasta kennsludag 13. maí. Úrtakið var óvenju stórt að þessu sinni og náði til 102 hópa í 62 áföngum sem 35 kennarar kenndu. Svarhlutfallið var 58,8% (1151 af 1956). Þátttakan var góð í sögulegu tilliti og sérstaklega þegar horft er til þess að í úrtakinu voru fjölmargir íþrótta- og verklegir áfangar þar sem erfiðara er að leggja matið fyrir. Einnig kom í ljós í einhverjum tilvikum að mati hentaði illa einstaka áföngum. Það verður verk fyrir skólann að þróa kennslumat fyrir þessa áfanga.

Kennslumatið innihélt sömu 13 spurningarnar og árið 2023 en spurningalistann má í heild sinni sjá í viðauka A. Fyrstu 10 spurningarnar voru krossaspurningar á Likert-kvarða um kennsluna, áfangann og viðhorf og framlag nemandans með svarmöguleikum: mjög sammála, frekar sammála, á ekki við/veit ekki, frekar ósammála og mjög ósammála. Einnig gafst nemendum færi á að gefa kennaranum einkunn og að koma á framfæri skriflega því sem betur mætti fara og því sem væri best við áfangann.

Ábyrgðin af framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar er alfarið á hendi gæðastjóra skólans. Meðan könnunin var aðgengileg nemendum þá sendi gæðastjóri kennurum í úrtaki vikulega pósta með tilmælum um að leggja könnunina fyrir og tölfræði um þátttöku. Í byrjun síðustu viku var svo sendur póstur á alla nemendur í úrtakinu og þeir hvattir til þess að svara. Þegar gæðastjóri hafði svo lesið yfir skrifleg svör nemenda þá voru niðurstöður einstaka hópa gerðar aðgengilegar kennurum.

Markmiðið með kennslu- og áfangamati er að

- gefa kennurum færi á reglulegri endurgjöf í starfi sem gagnast þeim við að ígrunda kennsluna
- gefa nemendum færi á því að hafa rödd í skólanum og ígrunda sitt nám
- gefa skólastjórnendum færi á að heyra skoðanir nemenda á skólastarfinu
- safna reglulega gögnum um skólastarfið
- skoða kerfisbundið áfanga og nám við skólann með það að markmiði að geta bætt starfið

Nú hafa allir kennarar skólans farið í gegnum kennslumat í síðasta lagi vorið 2023. Það er í samræmi við gæðamarkmið skólans.

Nemendur gefa kennslunni við Fjölbrautaskólann við Ármúla mjög góða einkunn. 47% nemenda gefa kennurum sínum einkunnina 10.

Ánægðastir eru nemendur með aðstöðu og viðmót kennara eins og í kennslukönnunum ársins 2023.

Íslenskunemendur eru síst sammála því að námið nýtist þeim í frekara námi, í starfi eða þá í framtíðinni.

Nemendur eru nú í meira mæli sammála því að kennari setji oft inn námsefni, tilkynningar og leiðbeiningar inn á námsvef skólans. Það er sérstaklega ánægjulegt í ljósi þess að skólinn tók upp kennsluvef Innu haustið 2023.

Úrtakið

Við val á úrtaki var fyrst og fremst horft til nýrra kennara og svo kennarar sem ekki höfðu verið metnir síðan haustið 2022. Eftirfarandi hópar voru setti í áfanga- og kennslumat (fjöldi hópa innan sviga)

ÁEFR3BA03 (1)	HJÚK2HM05 (1)	KFRT2KF05 (1)	SÁLF3LÍ05 (1)
BÓKF1IB05 (1)	HJÚK2TV05 (1)	LÍBE1HB01 (1)	SÁLF3PS05 (1)
DANS1GR05 (3)	HJÚK3LO03 (1)	LÍFS1AM02 (2)	SIÐF2SF05 (1)
DANS2RM05 (2)	ÍSLE1GR05 (3)	LÍFS1BS02 (7)	SJÚK2GH05 (1)
ENSK1GR05 (3)	ÍSLE1UN05 (1)	LÍOL2IL05 (1)	SJÚK2MS05 (1)
ENSK2EH05 (1)	ÍSLE2BS05 (3)	LÍOL2SS05 (1)	SKER3HA01 (1)
ENSK2FU05 (1)	ÍSLE2GM05 (4)	LÍOL3TT04 (1)	SÓTT3DA04 (1)
ENSK2LO05 (3)	ÍSLE2HM05 (1)	LÖGF2LÖ05 (1)	STKY3AS04 (1)
ENSK2OB05 (4)	ÍSLE3BÓ05 (2)	RAFÍ2SM03 (1)	SÝKL2SS05 (1)
ENSK3KV05 (1)	ÍSLE3NB05 (2)	RTGF3PJ03 (1)	TAMS3SA05 (1)
ENSK3RO05 (2)	ÍPRG1KN02 (2)	SAGA1MF05 (3)	TÖHÖ2LH05 (1)
ENSK3SA05 (1)	ÍPRG2LÍ03 (1)	SAGA2NS05 (3)	TÖLL2YS05 (1)
FHTA3FR05 (1)	ÍPRÓ1AD01 (5)	SAGA3MA05 (1)	UMHV2SJ05 (2)
FOSA3SA04 (1)	ÍPRÓ1GH03 (1)	SASK2SS05 (1)	UPPL1AM05 (1)
HAGF2AR05 (1)	ÍPRÓ1HJ01 (1)	SÁLF2AA05 (2)	
HBFR1HH05 (2)	ÍPRÓ1LÍ01 (2)	SÁLF2FÖ05 (1)	

Hópana 102 mátti flokka þannig milli námsgreina (fín flokkun)

Námsgrein	Fjöldi hópa
Bókfærsla	1
Danska	5
Enska	16
Fjögurra handa tannlækningar	1
Forvarnir og samskipti	1
Hagfræði	1
Heilbrigðisfræði	2
Hjúkrun	3
Kvikmyndafræði	1
Líffæra- og lífeðlisfræði	3
Lífsleikni	9
Líkamsbeiting	1
Lögfræði	1
Rafípróttir	1
Röntgenfræði	1
Saga	7

Námsgrein	Fjöldi hópa
Áhalda- og efnisfræði	1
Íslenska	16
Ípróttir	12
Samskipti	1
Sálfræði	5
Siðfræði	1
Sjúkdómafræði	2
Skerping handverkfæra	1
Sóttþreinsun og dauðþreinsun	1
Starfskynning / þjálfun á tannlæknastofu	1
Sýklafræði	1
Tann- og munnsjúkdómafræði	1
Tölvuleikjaspilun	1
Tölvunotkun	1
Tölvustudd hönnun	1
Umhverfisfræði	2

Námsgreinarnar endurspeglu fjölbreytileika skólans og voru flokkaðar í grófar flokka:


- **Heilbrigðisgreinar:** Áhalda- og efnisfræði, fjögurra handa tannlækningar, forvarnir og samskipti, heilbrigðisfræði, hjúkrun, líffæra- og lífeðlisfræði, líkamsbeiting, röntgenfræði, samskipti, sjúkdómafræði, skerping handverkfæra, sótthreinsun og dauðhreinsun, starfskynning / þjálfun á tannlæknastofu, sýklafræði og tann- og munnsjúkdómafræði.
- **Félagsgreinar:** Hagfræði, lífsleikni, lögfræði, saga, sálfræði og siðfræði
- **Ýmsar greinar:** Tölvuleikjaspilun, tölvustudd hönnun, tölvunotkun, rafíþróttir, bókfærsla, danska, tölvugreinar, kvikmyndfræði og umhverfisfræði.
- **Enska, íslenska og íþróttir** voru áfram flokkaðar eins.

Námsgrein (gróf flokkun)	Fjöldi hópa	Fjöldi (%)
Enska	16	15,7%
Félagsgreinar	24	23,5%
Heilbrigðisgreinar	21	20,6%
Íslenska	16	15,7%
Íþróttir	12	11,8%
Ýmsar greinar	13	12,7%


Heilbrigðisgreinar, kvikmyndagerð og tölvugreinar sem kenndar eru á starfsnámsbrautum má svo flokka sem starfsgreinar og þá kemur í ljós að 25,5% hópanna voru starfsnámshópar, 11,8% íþróttahópar og 62,7% bóknámshópar

Þátttaka

Þátttakan í kennslukönnun vorið 2024 var 58,8% (meðaltal reiknað yfir allt úrtakið). Að meðaltali var þátttakan 55,3% en miðgildi 58,1%. Dreifinguna má sjá á eftirfarandi mynd.




Þegar þátttakan er skoðuð eftir námsgreinum þá sést að um 10 hópar í heilbrigðis- og íþróttagreinum tóku ekki þátt. Að öðru leyti virðist þáttaka hópanna vera mjög svipuð eftir námsgreinum.



Þátttaka fyrir og nú

Þátttakan vorið 2024 var mjög nálægt 60% sem er markmið skólans og ánægjulegt að sjá hve nærri því marki skólinn er þrátt fyrir að 10 hópar af 102 hafi ekki séð sér fært að leggja matið fyrir.




Niðurstöður spurninga 1-10

Hér voru allar spurningar settar fram á Likert-kvarða. Svarkostirnir voru: Mjög sammála (4), frekar sammála (3), frekar ósammála (2), mjög ósammála (1) og Á ekki við/veit ekki (0). Svarendur voru 692 og í einhverjum tilvikum kenndu fleiri en einn kennari sama hópnum. Kökuritín eru eingöngu teiknuð út frá þeim sem taka afstöðu til spurninganna eins og gert var 2023. Þetta er gert vegna þess að tiltölulega fáir taka ekki afstöðu og einnig til að draga betur fram andstæður.

Spurning 1: Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni

Mjög sammála	493
Frekar sammála	398
Frekar ósammála	140
Mjög ósammála	42
Á ekki við/veit ekki	71
Alls	1144


Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni



Spurning 2: Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar

Mjög sammála	593
Frekar sammála	392
Frekar ósammála	88
Mjög ósammála	32
Á ekki við/veit ekki	40
Alls	1145


Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar



Spurning 3: Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans

Mjög sammála	464
Frekar sammála	515
Frekar ósammála	101
Mjög ósammála	23
Á ekki við/veit ekki	41
Alls	1144


Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans



Spurning 4: Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður

Mjög sammála	631
Frekar sammála	411
Frekar ósammála	55
Mjög ósammála	23
Á ekki við/veit ekki	24
Alls	1144


Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður



Spurning 5: Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum

Mjög sammála	540
Frekar sammála	341
Frekar ósammála	106
Mjög ósammála	43
Á ekki við/veit ekki	119
Alls	1149


Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum



Spurning 6: Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans

Mjög sammála	621
Frekar sammála	353
Frekar ósammála	68
Mjög ósammála	30
Á ekki við/veit ekki	71
Alls	1143


Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans



Spurning 7: Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi

Mjög sammála	551
Frekar sammála	361
Frekar ósammála	86
Mjög ósammála	88
Á ekki við/veit ekki	59
Alls	1145

Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi




Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr

Spurning 8: Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr

Mjög sammála	677
Frekar sammála	346
Frekar ósammála	68
Mjög ósammála	35
Á ekki við/veit ekki	19
Alls	1145

Mjög sammála




Spurning 9: Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér

Mjög sammála	749
Frekar sammála	288
Frekar ósammála	47
Mjög ósammála	32
Á ekki við/veit ekki	29
Alls	1145

Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér

Mjög sammála




Spurning 10: Þessi áfangi er vel skipulagður

Mjög sammála	633
Frekar sammála	406
Frekar ósammála	64
Mjög ósammála	29
Á ekki við/veit ekki	16
Alls	1148

Þessi áfangi er vel skipulagður

Mjög sammála



Til umhugsunar um spurningar 1-10

Almennt má segja að nemendur séu ánægðir (Mjög sammála eða frekar sammála staðhæfingum). Jákvæðastir eru nemendur í afstöðu sinni gagnvart spurningum 4 og 9 (eins og í kennslukönnunum 2023) en þær snúa að námsaðstöðu og viðmóti kennara gagnvart þeim. Aftur eru eingöngu þeir skoðaðir sem taka afstöðu.

Spurning	Jákvæðir (Mjög sammála eða frekar sammála)	
	Haust 2023 (%)	Vor 2024 (%)
4	90	93
9	89	93
10	86	92
8	83	91
6	82	91
2	85	89
3	82	89
5	82	86
7	74	84
1	79	83

Neikvæðastir eru nemendur gagnvart spurningum eitt og sjö nú eins og fyrri annir. Þær snúast að fjölbreytileika kennslunnar og hvort nemandinn telji að námið nýtist sér í framtíðinni. Athygli vekur að nemendur eru jákvæðastir gagnvart spurningum sex og níu. Spurning sex hefur að gera með virkni kennarans með að setja tilkynningar, leiðbeiningar og kennsluefni inn á kennsluvef. Það er ánægjulegt í ljósi þess að skólinn tók upp kennsluvef Innu í stað Moodle í dagskóla haustið 2023 og hér komin vísbending um að það hafi lukkast vel. Spurning níu hefur að gera með ánægju nemenda með viðmót kennarans.

Rýnt í spurningar 1 og 7

Skýrsluhöfundur þótti eðlilegt að rýna nánar í spurningu 7 eins og í kennslukönnunum ársins 2023. Til þess að gera það þá er gott að nota þau tölulegu gildi sem Inna gaf hverjum svarmöguleika.

Svarmöguleikar	Tölulegt gildi
Mjög sammála	4
Frekar sammála	3
Frekar ósammála	2
Mjög ósammála	1
Á ekki við/veit ekki	0

Þegar meðaltalsstigagjöf er skoðuð eftir greinum kemur í ljós nemendur eru frekar sammála því að notaðar séru fjölbreyttar kennsluaðferðir (spurning 1) í öllum námsgreinum (einkunn nálægt þremur)

Námsgrein	Meðalstigagjöf í spurningu 1	Meðalstigagjöf í spurningu 7
Enska	3,2	3,3
Félagsgreinar	3,3	3,3
Heilbrigðisgreinar	3,2	3,6
Íslenska	2,9	2,6
Íþróttir	3,4	3,5
Ýmsar greinar	3,5	3,3

Þegar kemur að viðhorfi nemenda gagnvart því hvort námið nýtist í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi þá sker íslenskan sig nokkuð úr. Þar eru hópar sem meðalstigafjöldinn er nærri tveimur. Það þýðir að þeir hópar eru frekar ósammála því að námið nýtist í framtíðinni.

Samanburður við fyrri annir

Svörin úr spurningum 1-10 hafa að meðaltali verið nokkuð stöðug í gegnum árin. Útkoman vorið 2024 var að meðaltali með besta móti við öllum spurningum.

Leggðu mat á áfangann	V21	H21	V22	H22	V23	H23	V24
Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.	-	3,4	3,4	3,5	3,4	3,3	3,5
Þessi áfangi er vel skipulagður	3,5	3,3	3,3	3,4	3,3	3,2	3,5
Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar	3,5	3,3	3,4	3,4	3,2	3,2	3,4
Meðaltal	3,5	3,3	3,4	3,4	3,3	3,3	3,5

Nemendur eru ánægðastir með kennarana sína eins og fram kemur í fyrstu þremur spurningunum. Þá er átt við viðmót, skýrleika og virkni kennarans á kennsluvef.

Leggðu mat á kennsluna	V21	H21	V22	H22	V23	H23	V24
Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér	3,6	3,6	3,5	3,6	3,5	3,2	3,6
Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr	3,5	3,4	3,4	3,5	3,4	3,2	3,5
Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans	-	3,4	3,3	3,5	3,3	3,2	3,5
Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum	3,4	3,4	3,3	3,4	3,2	3,2	3,3
Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni	-	3,2	3,2	3,4	3,2	3,1	3,3
Meðtaltal	3,5	3,4	3,3	3,5	3,3	3,2	3,4


Viðhorf nemenda er sömuleiðis að jafnaði betra en oftast áður.

Viðhorf og framlag	V21	H21	V22	H22	V23	H23	V24
Ég mæti vel undirbúin í kennslustundir áfangans	-	3,4	3,1	3,3	3,1	3,1	3,3
Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi	3,5	3	3,2	3,3	3	3,1	3,3
Meðtaltal	3,5	3,2	3,2	3,3	3,1	3,1	3,3


Í viðauka B og C er að finna upplýsingar um fylgni milli einstaka spurninga. Það er talsvert jákvæð fylgni milli nær allra spurninganna (0,5-0.8) sem þýðir að ánægja/óánægja sem kemur fram í einni spurningu smitast yfir á hinar.

Kennaraeinkunn og þróun síðustu anna

Í spurningu 11 gafst nemendum færi á að gefa kennurum sínum einkunn á bilinu frá 1 til 10. Meðaltalið var 8,54 en miðgildið 9,0 en það er talsvert betra en árið 2023. Einkunnadreifing haustannar 2023 og vorannar 2024 er hér fyrir neðan. Það liggur nærri að miðgildið nái því að vera 10 en 47% nemenda gefa kennurum sínum einkunnina 10.



Mest fylgni milli einkunnagjafar í spurningum 1-10 og spurningar 11 er eins og árið 2023 milli spurninga 8 og 9 (0,83 og 0,77) sem hafa að gera með viðmót kennara og skýrleika í framsetningu. Í sögulegu tilliti er einkunnagjöf nemenda til kennara há.



Raddir nemenda

Í tveimur síðustu spurningunum gafst nemendum færi á því að segja hvað þeim þótti best og hvað þeim fannst að mætti laga.

- Spurning 12: Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.
- Spurning 13: Hvað finnst þér best við áfangann?

Mun færri svörðu þessum spurningum en spurningum 1-11; 51% svörun (591 af 1151) í spurningu 12 en 41% (468 af 1151) í spurningu 13. Það er mjög svipað svarhlutfall og á vorönninni.

Spurning 12: Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.

Þegar nemendur eru spurðir að því hvað megi betur fara þá nefna þeir ekkert eða þá að þeir viti ekki hvað megi betur fara. Hér fyrir neðan gefur að líta nokkur svör nemenda með þeirra eigin orðum.

Margir nemendur eru kvarta undan skipulagi, hraða yfirferðar, samskiptum, hæðagangi í yfirferð verkefna eða skorti á endurgjöf svo fátt eitt sé nefnt.

- *Mætti vera betra aðgengi að athugasemdum við próf og verkefni Mætti vera með prófasýningu eftir hvert próf*
- *Mætti vera fljótari að fara yfir og skila verkefnum/prófum annars Væri mjög fínt að kennarinn myndi fara yfir spurningarnar með okkur fyrir próf*
- *Nemendur eru flestir að læra eitthvað alveg nýtt Mér finnst farið allt of hratt yfir og stuttur tími gefinn í hvern hluta - og þar með tíma til að læra fyrir hlutaprófin Mikilvægt að kennari sýni skilning á að nemendur þekki ekki til og þurfi tíma til að átta sig á þeim viðfangsefnum sem fengist er við hverju sinni*
- *senda pósta á nemendur um hvenær er próf og gagnvirkt próf eða setja það á innu eins og margir kennarar setja það í heimavinnu og þá sjáum við það eiginlega strax og við opnum innu*
- *Það er frekar mikið af prófum þrátt fyrir það að þau séu 'lítil' próf eru þetta samt frekar mörg próf Mikið efni á stuttum tíma Sé einnig ekki fyrir mér að þetta sé eitthvað sem er almennt að fara að nýtast nemanda í framtíðinni*
- *Það þætti vera aðeins minni glærुकyningar sem taka upp allan timann*

Spurning 13: Hvað finnst þér best við áfangann?

Þegar nemendur tala um hvað þeim þykir best við áfangann þá nefnari þeir kennarann í 33% tilvika og minnst oft á þá með eigi- eða persónufornöfnum.

Hér eru nokkur dæmi um svör við þessum spurningum birt með þeirra eigin orðum:

- *Að námið er fjölbreytt það er alltaf eitthvað nýtt að læra og verkefni eru oft ekki eins Sem gerir áfangan meira áhugaverðari*
- *Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslu við fáum verkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum og tel ég að þetta eigi eftir að nýtast mér í framtíðinni*
- *Hún talar við okkur og við tölum við hana tilbaka Samtalstímar sem henta mér vel og þá man ég námsefnið miklu betur Það er svo gott að íhuga saman og koma með vangaveltur*
- *Kennarinn er mjög góður og kennir þolinmóður þó allir í bekknum séu mjög rólegir og allir séu þreyttir og vilji ekki læra*
- *X hefur mikinn áhuga á sálfræði og fær nemendur á frábæran hátt að fá áhuga á sálfræði og hans skemmtilegu kennslu aðferðum og æðislegt að nemendur fái svona góðan kennara sem er ekki með "risaeðlu" aðferðir sem sagt eins og eldri kennarar og leggur sig vel fram sem kennari hann á mikið hrós skilið*
- *Það er mjög þægilegt að vera í tíma hjá Y og finnst mér skipulagið á verkefnum og kennslustundinni sjálfri alltaf upp á tíu Y er með fáránlega hlýja nærveru og er einnig bara yndisleg manneskja yfir höfuð og manni líður öruggri ef maður þarf að leita til hennar*

Niðurstöður og atriði til umhugsunar

Kennslukönnunin vorið 2024 kemur vel út að öllu leyti samanborið við kannanir ársins 2023 og verður niðurstaðan að teljast mjög góð. Hér er sérstaklega átt við þátttöku og einkunnagjöf til kennara og einstakra þátta.

Nokkur atriði til umhugsunar:

- Þátttakan var um 59% sem er bæði gott í sögulegu ljósi og að markmiðum skólans um þátttökuhlutfall er því sem næst aðra önnina í röð. Höfum í huga að 10 áfangar sáu sér ekki fært að leggja könnunina fyrir. Hér er um að ræða litla verklega áfanga, íþróttir eða áfanga þar sem nemendur eru í starfsþjálfun úti í bæ.
- Einkunnagjöf til kennara er með hæsta móti og 47% nemenda gefa þeim 10 í einkunn.
- Einkunnagjöf fyrir einstaka þætti eru með hærra móti en oftast áður og sérstaklega samanborið við árið 2023.
- Eins og árið 2023 voru nemendur ánægðastir með þá þætti námsins sem snéru að spurningum fjögur og níu en óánægðastir þegar kemur að spurningum eitt og sjö.
- Fylgnin milli kennaraeinkunna (spurning 11) og einkunna fyrir einstaka námsþætti (spurningar 1-10) er eins og annirnar 2023 við spurningar 8 og 9. Þær snúa að viðmóti kennarans og það hversu skýr fyrir mæli kennarans eru.
- Íslenskunemendur eru sá hópur sem virðist hvað síst sammála því að námið muni nýtast þeim í framtíðinni.
- Nemendur virðast ánægðari en oftast áður með virkni kennara við að senda skilaboð, setja inn kennslufni og tilkynningar en árið 2023. Það er ánægjulegt í ljósi þess að skólinn færði kennslu af Moodle yfir í kennslufni Innu haustið 2023.


Reykjavík í ágúst 2024

Unnar Þór Bachmann (gæðastjóri)

Viðauki A: Spurningar í kennslukönnun

1. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni.
2. Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar.
3. Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans.
4. Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.
5. Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.
6. Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans.
7. Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.
8. Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr.
9. Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér.
10. Þessi áfangi er vel skipulagður.
11. Hvaða einkunn gefur þú kennaranum á bilinu 1 – 10?
12. Hvað finnst þér þurfa að laga í þessum áfanga? Komdu á framfæri ábendingum varðandi kennslu, skipulag, aðbúnað, námsefni, námsmat eða annað sem þér finnst mikilvægt.
13. Hvað finnst þér best við áfangann?

Viðauki B: Fylgni milli tölulegra svara í spurningum 1-11



Viðauki C: punktagröf og einkunnadreifing af tölulegum svörum 1-11

